



Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Dagsetning **13. febrúar 2025**
Málsnúmer MRN23120034

Viðbrögð við skýrslu umboðsmanns Alþingis um heimsókn í Fangelsið Litla-Hrauni á grundvelli OPCAT eftirlits

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 4. desember 2023 og ítrekað 7. október 2024 og 30. janúar 2025, þar sem óskað er eftir viðbrögðum mennta- og barnamálaráðuneytis við skýrslunni „Heimsóknarskýrsla Fangelsið Litla-Hrauni“, á grundvelli OPCAT eftirlits 28.-30. nóvember 2022.

Ráðuneytið biðst velvirðingar á hve seint svarið berst en samkvæmt símtali 10. febrúar 2025 við skrifstofustjóra hjá umboðsmanni Alþingis, var lokafrestur veittur til 14. febrúar 2025.

Í skýrslunni má finna umfjöllun og niðurstöður sem varða m.a. aðbúnað og aðstæður fanga og þau álitæfni sem upp komu eftir heimsóknina. Í 8. kafla skýrslunnar sem fjallar um sérstaka fangahópa er þeirri ábendingu komið á framfæri við mennta- og barnamálaráðuneytið að gefa framboði náms fyrir erlenda fanga sérstakan gaum við endurskoðun náms fyrir fanga.

Ráðuneytið bendir á að í svari til umboðsmanns Alþingis dags. 10. október 2024 sem viðbrögðum við skýrslunni „Konur í fangelsi“, kemur fram að í minnisblaði sem kynnt var ríkisstjórn 8. október 2024 voru settar fram tillögur sem m.a. lúta að menntun erlendra fanga.

Stefnt er að því að stórefla þjónustu við fanga á Litla-Hrauni með því að ráða sérfræðinga til að sinna einstaklingsráðgjöf við fanga og kanna áhuga og færni til náms, með sérstaka áherslu á sérkennslu. Þá verður einnig áhersla á að auka námsframboð, þ.m.t. kennslu í íslensku, fyrir fanga með fjölbreytta tungumála- og menningarbakgrunn. Þannig verður námsstaða fanganna metin strax í upphafi afplánunar, boðið upp á stöðumat og raunfærnimat þar sem það á við, svo hægt verði að huga að frekara námi eða annarri fræðslutengdri virkni. Gert er ráð fyrir að komið verði upp sérstakri aðstöðu og aðbúnaði til að sinna ofangreindu.

Gangi ofangreind áform eftir er gert ráð fyrir að hægt verði að hefja þjónustuna haustið 2025.

F.h. ráðherra


Anna Tryggvadóttir

F.h. ráðherra


Ragnheiður Bóasdóttir